

Sp.

171. Tillaga til þingsályktunar

[101. mál]

um samvinnu í atvinnumálum milli ríkisstjórnar, atvinnurekenda og kaupþegasamtaka.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til samvinnu við atvinnurekendur og kaupþegasamtök um skipulagningu vinnubragða og vinnukjara til þess að auka og bæta framleiðslu og afköst og veita almenningi — einnig á þann hátt — skilyrði til batnandi lífskjara.

Greinargerð.

Aðalundirstaða þjóðarteknanna er framleiðslan til lands og sjávar. Á þeirri undirstöðu byggist velmegun landsmanna, hvar sem þeir leggja hönd að verki. Því meiri sem þjóðartekjurnar eru, því meira kemur til skipta milli fólksins í landinu.

Lífskjörin fara eftir framleiðslunni: batna, ef framleiðslan eykst eða vex að verðmæti, hraka aftur á móti, ef hún gengur saman eða rýrnar að verðgildi.

Til þess að þjóðartekjurnar verði sem mestar, þarf hver maður, sem að öflun þeirra vinnur, að skila sem beztu og mestu verki. Og til þess að þær verði að sem fullkomnustum notum til uppbyggingar og velmegunar, þurfa aðrir, sem þjóðnýtt störf vinna, að gera sitt bezta á sínum sviðum.

Fullyrða má, að ekki er nú lögð svo almenn áherzla sem skyldi á það að vanda verk og afkasta miklu.

Samtök þeirra, er vinna fyrir kaup, leita samninga fyrir félagi sína um sem hæst kaup fyrir sem fæstar vinnustundir dag hvern. Um afköst er yfirleitt ekki talað sem grundvöll. Dagsláttur og annað þvílíkt er að hverfa sem mælikvarði launa. Tala vinnustunda ein lögð til grundvallar fyrir kröfum.

Sjaldgæft mun einnig, að atvinnurekendur bjóði meiri greiðslur fyrir úrvalsafköst en kauptaxtar gera skylt.

Þessir viðmiðunarhættir ýta ekki undir til bættra vinnubragða og betri af-raksturs seldrar vinnu, heldur hið gagnstæða öllum til tjóns. Vinnugleði skapa þeir ekki heldur í brjóstum þeirra, er vinna, né ánægju hjá atvinnurekendum, eins og ef mælikvarðinn væri: því betri vinnubrögð, því meiri laun.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar hugsa sér, að ríkisstjórnin byrji á því að stofna til viðræðna við fulltrúa atvinnurekenda og kaupþega um, á hvern hátt sé hægt að koma við í þessum efnum umbótum, sem leiði til betri og meiri afkasta og um leið bættra lífskjara. Síðan beiti ríkisstjórnin sér fyrir því, að samtök hefjist milli atvinnurekenda og vinnandi fólks um framkvæmdir þess fyrirkomulags, er samkomulag hefur orðið um að við eigi.

Fyrir tillögumönnum vakir ekki að lækka eigi vinnulaun hjá neinum frá því, sem nú er, heldur gefa þeim, sem vinnu sína selja, tækifæri til þess að bæta kjör sín með því að vanda verk sín og auka afköst sín.

Þetta er áreiðanlega eitt af því, sem gera þarf til þess að hækka á heilbrigðan hátt þjóðartekjurnar og tryggja betri hagnýtingu þeirra. Á það hljóta að geta fall- igt allir þeir, sem vilja bæta þjóðfélagið og gera þjóðina vinnufúsari og vinnu- glaðari.